



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 8/2011

## **Kvörtun Gríms Laxdal yfir viðskiptaháttum Sigríðar Þorsteinsdóttur og PrimaCare ehf.**

### **I.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst erindi Gríms Laxdal, dags. 21. janúar 2010. Í erindinu er kvartað yfir því að Sigríður Þorsteinsdóttir og/eða PrimaCare ehf. hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að hagnýta sér viðskiptaáætlun sem samin hafi verið af Grími Laxdal.

Málavextir séu þeir að á árinu 2007, hafi Grímur sett sig í samband við Sigríði vegna viðskiptahugmyndar sinnar um stofnun einkarekins sjúkrahúss hér á landi. Þegar Grímur hafði samband við Sigríði hafði hann þegar gert drög að viðskiptaáætlun um einkarekið sjúkrahús sem sérhæfði sig í liðskiptiaðgerðum á hnjám og mjöðmum. Í framhaldi af því hafi samskipti Gríms og Sigríðar haldið áfram í gegnum tölvupóst og á fundum. Grímur hafi talið að Sigríður gæti lagt til þekkingu við endanlega gerð áætlunarinnar og því hafi hann sent henni a.m.k. tvær gerðir viðskiptaáætlunarinnar á vinnustigi jafnframt því sem hann hafi unnið frekar að skjalinu. Þegar á leið hafi Grímur talið framlag Sigríðar ekki skila því sem væntingar hans hafi staðið til og lauk samskiptum þeirra í febrúar 2008.

Um haustið 2008 hafi Grími haft spurnir af því að Sigríður hefði haft samband við ákveðna aðila varðandi fjármögnun á byggingu og rekstri sjúkrahúss í samstarfi við PrimaCare. Hefði Sigríður borið umrædda viðskiptaáætlun Gríms undir þessa aðila. Hinn 28. október 2008, hafi lögmaður Gríms sent Sigríði bréf með kröfu um að hún undirritaði yfirlýsingu þess efnis að hún hygðist ekki nýta sér hugmyndir Gríms eða viðskiptaáætlun hans að neinu leyti. Að mati Gríms Laxdal hafi þeirri kröfu verið hafnað með bréfi lögmanns PrimaCare og Grétars Bjarnasonar, dags. 17. nóvember 2008. Grétar Bjarnason og Sigríður Þorsteinsdóttir eru stofnendur PrimaCare ehf.

Með vísan til gagna málsins og bréfs lögmanns PrimaCare og Grétars Bjarnasonar sé að mati Gríms Laxdal óumdeilt að viðskiptaáætlun sú er Sigríður hafi lagt fyrir hugsanlega fjárfesta haustið 2008, sé sú sama og hann hafi unnið í samráði við Sigríði. Eins sé ljóst að áætlunin sé



nær eingöngu byggð á vinnuframlagi hans sbr. t.d. tölvupóstsamskipti Gríms og Sigríðar og yfirlýsingu Árna Harðarsonar hjá Salt Investments sem hafi staðfest viðurkenningu Sigríðar á því að hún hafi sjálf kynnt áætlunina sem verk Gríms.

Með vísan til 5. gr. og 16. gr. c laga nr. 57/2005 er þess krafist að Neytendastofa staðfesti að Sigríður Þorsteinsdóttir og/eða PrimaCare hafi brotið gegn framangreindum ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Einnig er farið fram á að Neytendastofa staðfesti að Sigríður og/eða PrimaCare hafi brotið gegn 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. höfundarlaga nr. 73/1972. Þá er þess krafist að Neytendastofa beiti, eftir því sem tilefni er til, lagalegum heimildum sínum til þess að stöðva og hindra frekari notkun Sigríðar og PrimaCare á verkum Gríms.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi Gríms var sent Sigríði og PrimaCare til umsagnar með bréfum Neytendastofu, dags. 9. febrúar 2010. Í bréfum Neytendastofu kemur fram að stofnunin hafi ákveðið að verða við þeirri málaleitan Gríms að Sigríði og PrimaCare verði ekki veittur aðgangur að tveim fylgiskjölum kvörtunarinnar, viðskiptaáætlun Gríms Laxdal sem og eldri útgáfu þeirrar viðskiptaáætlunar.

Neytendastofu barst svar Sigríðar og PrimaCare með bréfi, dags. 12. mars 2010. Þar er ávörðingum Gríms alfarið hafnað. Í bréfinu er því í fyrsta lagi hafnað að áform PrimaCare um stofnun og rekstur sjúkrahúss og sjúkrahótels byggji á þeirri viðskiptaáætlun sem Grímur vísar til. Í öðru lagi er því hafnað að viðskiptaáætlun sú sem Grímur vísar til sé hans.

Af kvörtun Gríms megi ráða að hann telji sig hafa unnið tiltekna viðskiptaáætlun vegna viðskiptahugmyndar um stofnun einkarekins sjúkrahúss hér á landi sem sérhæfi sig í liðskiptiaðgerðum á hnjám og mjöðmum. Virðist Grímur þeirrar skoðunar að Sigríður hafi í samstarfi við PrimaCare reynt að fá fjárfesta til að fjármagna byggingu og rekstur sjúkrahúss á grundvelli viðskiptaáætlunarinnar. Nánar tiltekið virðist hér um að ræða fyrirtækið Salt Investment, sem nú undirbúi stofnun og rekstur einkarekins sjúkrahúss hér á landi sem muni sérhæfa sig í liðskiptiaðgerðum á hnjám og mjöðmum, auk offituaðgerða.

Hugmynd að umræddu einkasjúkrahúsi hafi upphaflega komið frá Sigríði, sem unnið hafi um áratuga skeið við heilbrigðismál, bæði á Íslandi og á Norðurlöndum. Hugmynd Sigríðar hafi komið m.a. fram í umsóknum hennar til Impru Nýsköpunarmiðstöðvar á árunum 2006 og 2007. Það sé hins vegar ekki fyrr en á síðari hluta ársins 2007 sem Grétar Bjarnason hafi fengið Grím



til að vinna viðskiptaáætlun með Sigríði. Þau hafi unnið sameiginlega, ásamt fleirum, þ.m.t. Magnúsi Bjarnasyni, verkfræðingi, að viðskiptaáætlun sem fyrst og fremst hafi verið hugsuð fyrir einkarekið sjúkrahús á Keflavíkurflugvelli.

Rangt sé það sem fram komi í kvörtun Gríms að í yfirlýsingu Árna Harðarsonar komi fram sérstök viðkenning á því að Sigríður hafi sjálf kynnt viðskiptaáætlun sem verk Gríms. Þvert á móti komi fram í yfirlýsingu Árna að Sigríður hafi sagst eiga viðskiptahugmyndina en að aðkoma Gríms hefði falist í vinnu við viðskiptaáætlun vegna verkefnisins.

Í þeim afritum sem Grímur hafi lagt fram komi fram að Sigríður og Grímur hafi unnið sameiginlega að gerð viðskiptaáætlunarinnar. Það viðurkenni Grímur m.a. í tölvupósti 2. júní 2008, þar sem hann hafi velt fyrir sér skiptingu á eignarhaldi viðskiptaáætlunarinnar og sett fram hugmyndir um að selja megi viðskiptaáætlunina. Í öðrum tölvupósti frá 3. júní 2008, komi fram að Grímur hafi sjálfur ekki mikla trú á að afrakstur vinnunnar muni skila miklu. Væntanlega sé það skýring þess að Grímur hafi gengið frá samstarfi þeirra án skýringa á árinu 2008.

Grímur hafi ekki haft samband við Sigríði fyrr en hann hafi talið henni hafa orðið ágengt gagnvart fjárfestum. Í því samhengi sé athyglisvert að Grímur hafi afhent forsvarsmönnum Salt Investment öll gögn um viðskiptahugmyndina, s.s. þarfagreiningu, viðskiptaáætlun og kostnaðaráætlun með það að markmiði að selja Salt Investment þá viðskiptahugmynd sem Sigríður hafi átt.

Í dag sé Salt Investment að undirbúa stofnun einkaspítala eftir sömu hugmynd og Sigríður og Grímur unnu að, ásamt fleirum, en Sigríður og PrimaCare komi þar hvergi nærri. Að auki séu áform Salt Investment þau sömu og hafi verið í viðskiptaáætlun Sigríðar og Gríms um að nýta herspítalann á Keflavíkurflugvelli undir starfseminu. Það sé því ljóst að áform Salt Investment séu mun líkari því sem var í viðskiptaáætlun Sigríðar og Gríms heldur en þau áform sem PrimaCare vinni nú eftir. Því sé hins vegar ekki haldið fram að Salt Investment sé með ólögætum hætti að nýta sér hugmyndir út viðskiptaáætlun Sigríðar og Gríms. Í því samhengi megi benda á athugasemd Magnúsar Péturssonar í greinargerð þeirri sem hann hafi unnið fyrir Sigríði og Grím um að margir aðilar væru að huga að því að hasla sér völl á sviði einkarekinnar heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda sjúklinga. Hugmynd um slíka starfsemi sé ekki á neinn hátt varin af höfundarréttarlögum og því fráleitt að halda því fram að vinna Sigríðar og Gríms við viðskiptaáætlun á þessu sviði hindri aðra aðila í að hrinda slíkum hugmyndum í framkvæmd á eigin forsendum. Þá feli hugmyndin ekki í sér neitt sem talist geti „atvinnuleyndarmál“ í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005, auk þess sem áréttað er að hugmyndin sé ekki frá Grími komin.



Í september 2008, eftir að samstarfi við Grím hafi lokið, hafi Sigríður og Grétar Bjarnason sett á laggirnar PrimaCare og lagt til félagsins hlutafé að fjárhæð kr. 500.000. Engin önnur eign hafi verið lögð til félagsins, hvorki viðskiptaáætlun né aðrar eignir, enda engin eiginleg verðmæti fólgin í þeirri áætlun sem útbúin hafði verið um rekstur sjúkrahúss á Keflavíkurlflugvelli og í raun fallið frá þeirri hugmynd.

PrimaCare hafi haldið áfram að þróa hugmynd um stofnun einkaspítala hér á landi og fékk m.a. aðstoð frá Auði Capital við undirbúning og gerð kynningarefnis í tengslum við fyrirhugaða hlutafjáröflun. Eftir stofnun PrimaCare hafi fleiri einstaklingar gengið til liðs við félagið. Viðskiptaáætlun sú sem PrimaCare vinni eftir hafi verið unnin af bandaríska félaginu Shiboomi. Fyrstu drög að áætluninni hafi verið unnin í ágúst 2009 og þau drög útfærð nánar í september sama ár. Þau drög sem unnið sé eftir nú séu frá desember 2009.

Við samanburð umræddra viðskiptaáætlana sé augljóst að ekki sé um sömu viðskiptaáætlun að ræða og því rakalausar þær ávirðingar sem fram komi í kvörtun Gríms til Neytendastofu um að PrimaCare og/eða Sigríður hafi brotið ákvæði höfundarlaga eða tilgreind ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Þá er áréttað að viðskiptahugmynd að einkareknu sjúkrahúsi, jafnvel þó hún hefði komið frá Grími, njóti ekki verndar höfundarlaga og fráleitt sé að ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 eiga við um starfsemi PrimaCare eða háttsemi Sigríðar.

Þá er því alfarið hafnað að tilefni sé til að stöðva eða hindra notkun Sigríðar og PrimaCare á verkum Gríms, þar sem Grímur eigi í fyrsta lagi engan rétt til umræddrar viðskiptaáætlunar og í öðru lagi þar sem hvorki PrimaCare né Sigríður notist við viðskiptaáætlunina í starfsemi sinni.

## 2.

Bréf PrimaCare og Sigríðar Þorsteinsdóttur var sent Grím Laxdal til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. mars 2010. Svar barst með bréfi, dags. 9. apríl 2010.

Fram kemur í bréfinu að alrangt sé að Sigríður hafi átt einhver réttindi yfir viðskiptaáætlun Gríms sem leitt hafi til þess að honum hafi verið óheimilt að sýna hana Salt Investment og leita eftir samstarfi við það félag. Gögn málsins sýni þvert á móti að þegar Grímur hóf samstarf við Sigríði hafi hún verið mjög skammt á veg komin með að vinna úr hugmynd um einkasjúkrahús. Ekki sé hægt að líta á umsóknir Sigríðar til Impru í september 2006 og febrúar 2007, sem viðskiptaáætlunir, heldur séu hér eingöngu á ferðinni hugmyndir um að vinna að viðskiptaáætlun. Sigríður hafi ekki haldið því fram að hún hafi skrifað viðskiptaáætlun þá sem Grímur sýndi Salt Investment. Af tölvupóstsamskiptum sjáist að Grímur hafi falið Sigríði eingöngu að afla



upplýsinga um tiltekin atriði, verð á aðföngum og mönnun við sjúkrahús. Í tölvupósti dags. 10. apríl 2008 hafi Sigríður látið þau ummæli falla um áætlunina að hún væri „dúndurgott plagg“.

Þessar upplýsingar staðfesti að Grímur hafi skrifað viðskiptaáætlunina. Mótmælt er fullyrðingu í bréfi Sigríðar og PrimaCare að Grímur hafi velt fyrir sér skiptingu á eignarhaldi viðskiptaáætlunarinnar. Í tölvupósti Gríms til Sigríðar frá 2. júní 2008 komi fram að hann telji áætlunina alfarið sína og undrist að Sigríður skuli geta látið í ljós þá afstöðu að hún sé ekki tilbúin að selja hana.

Sú staðreynd að Sigríður hafi fengið hugmynd að því að koma á fót einkareknu sjúkrahúsi á Íslandi leiði ekki til þess að til neinna réttinda hafi stofnast til handa henni. Réttilega sé á það bent í bréfi Sigríðar að hugmynd feli ekki í sér neitt sem talist geti atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Á hinn bóginn njóti viðskiptaáætlun Gríms verndar samkvæmt framangreindu ákvæði og Sigríði hafi verið óheimilt að færa sér hana í nyt.

Af samskiptum sínum við Salt Investment telji Grímur að Sigríður hafi í það minnsta boðið því fyrirtæki að nýta sér áætlun hans. Er í því sambandi vísað til bréfs Árna Harðarsonar framkvæmdarstjóra Salt Investment þar sem hann staðfesti að hafa hitt Sigríði vegna viðskiptaáætlunar Gríms. Þá telji Grímur að Sigríður hafi einnig nýtt sér viðskiptaáætlunina í samstarfi sínu við PrimaCare.

Af bréfi lögmanns Sigríðar megi ráða að hann hafi viðskiptaáætlun Gríms undir höndum. Grímur hafi hins vegar ekki undir höndum viðskiptaáætlun PrimaCare. og geti ekki borið þessi skjöl saman. Grímur verði því að leggja það í dóm Neytendastofu að bera skjölin saman og meta hvort og í hve miklum mæli Sigríður hefi brotið gegn réttindum Gríms til viðskiptaáætlunarinnar.

### 3.

Bréf Gríms var sent Sigríði og PrimaCare til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. apríl 2010. Svar barst með bréfi, dags. 27. apríl 2010.

Í bréfinu segir að af bréfi Gríms megi ráða að kvörtun um óréttmæta viðskiptahætti og meint brot á höfundarrétti beinist fyrst og fremst gegn Sigríði Þorsteinsdóttur, en ekki gegn PrimaCare. Sem fyrr þá sé því mótmælt að viðskiptaáætlun vegna viðskiptahugmyndar um stofnun einkarekins sjúkrahúss hér á landi sé eign Gríms og njóti því verndar samkvæmt 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Gögn málsins og þar með talið tölvupóstsamskipti Sigríðar og Gríms bendi þvert á móti til þess að hugmyndin hafi verið Sigríðar og að viðskiptaáætlunin hafi verið unnin í sameiningu af þeim báðum og reyndar fleiri aðilum. Megi í því sambengi nefna að grunnur að viðskiptaáætlun hafi verið unninn í samvinnu Sigríðar og Bjarnheiðar Jóhannsdóttur, ráðgjafa hjá Impru Nýsköpunarmiðstöð, sumarið 2007. Það að Sigríður hafi lýst yfir ánægju með viðskiptaáætlunina



í tölvupósti, dags. 10. apríl 2008, og sagt hana „Dúndurgott plagg“ sanni heldur ekki að Grímur hafi unnið áætlunina einn. Heldur megi þvert á móti ráða af fyrri samskiptum þeirra, sem og því að Sigríður gerir leiðréttingar á viðskiptaáætluninni samkvæmt umræddum tölvupósti, að áætlunin hafi verið unnin í samvinnu þeirra.

Þá er áréttað að Grímur hafi hvergi komið að þeirri viðskiptaáætlun sem PrimaCare. notist við í starfsemi sinni og við kynningar fyrir fjárfestum. Vegna þess sé því alfarið vísað á bug að PrimaCare eða Sigríður Þorsteinsdóttir í samstarfi sínu við PrimaCare hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, eða að eitthvað tilefni sé til að stöðva eða hindra „freakari notkun Sigríðar Þorsteinsdóttur og PrimaCare á verkum Gríms Laxdal.“

#### 4.

Bréf PrimaCare og Sigríðar Þorsteinsdóttur var sent Grím Laxdal til upplýsinga með bréfi Neytendastofu, dags. 3. maí 2010, og tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

#### 5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. desember 2010, tilkynnti stofnunin að fyrirsjáanlegar tafir yrðu á afgreiðslu málsins en vonast væri til þess að afgreiðslu þess yrði lokið innan fjögurra mánaða.

### III.

#### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Grímur Laxdal yfir því að Sigríður Þorsteinsdóttir og/eða PrimaCare hafi brotið gegn ákvæði 5. gr. og 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að hagnýta sér viðskiptaáætlun sem samin hafi verið af Grími Laxdal.

Af hálfu Sigríðar og PrimaCare er því í fyrsta lagi hafnað að áform PrimaCare um stofnun og rekstur sjúkrahúss og sjúkrahótels byggi á viðskiptaáætlun sem Grímur telur sína. Í öðru lagi er því hafnað að viðskiptaáætlun sú sem Grímur vísar til sé hans.

Í málinu er deilt um hver hafi átt upphaflega hugmynd að umræddu einkasjúkrahúsi. Hefur kvartandi hvað þetta varðar bent á ákvæði höfundarréttarlaga nr. 73/1972. Neytendastofu er ekki ætlað að skera úr um álitamál á sviði þeirra laga og mun því ekki taka ákvörðun í málinu á grundvelli þeirra laga.



Kvörtun Gríms beinist bæði að Sigríði Þorsteinsdóttur og PrimaCare vegna brota á 5. og 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Milli Gríms og PrimaCare var ekkert trúnaðarsamband líkt og milli Gríms og Sigríðar. Sigríður er hins vegar stofnaðili að einkahlutafélaginu PrimaCare og telur Grímur að Sigríður hafi notað umrædda viðskiptaáætlun í því félagi. Er það því mat Neytendastofu að kvörtun Gríms geti einnig beinst að PrimaCare vegna hugsanlegs trúnaðarbrots. Er kvörtun Gríms vegna PrimaCare því tekin til meðferðar Neytendastofu.

## 2.

Í erindi Gríms Laxdal er vísað til ákvæðis 16. gr. c. laga nr. 57/2005 auk ákvæðis 5. gr. sömu laga. 16. gr. c. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.*

*Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.*

*Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.*

*Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“*

Núgildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005 er efnislega samhljóða eldri ákvæðum laga um sama efni sem löggin felldu á brott. Í greinargerð um ákvæðið segir að í ákvæðinu séu reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerta samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum, þ.e.a.s. að upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þó fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti það. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti þó ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Gera verður þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggja í hlutarins eðli.



Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er kveðið á um almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vörur fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III.–V. kafla laganna.

### 3.

Eins og að framan greinir felur ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 ekki í sér bann við því að starfsmaður nýti sér almenna þekkingu og reynslu sem hann hagnýtir við störf sín. Slík þekking telst ekki til atvinnuleyndarmála, heldur þarf að liggja fyrir þekking sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfsemina. Í lögskýringargögnum kemur fram að hagsmunir þeir er greinin verndar séu atvinnuleyndarmál. Það hugtak er ekki sérstaklega skýrt í greininni né heldur rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Ekki eru skörp skil á milli þessara hugtaka og í einstöku leyndarmáli geta verið þættir úr þeim báðum. Viðskiptaleyndarmál geta t.d. verið sölu- og innkaupaskipulag, skrár yfir viðskiptavinum, sérstök þekking á viðskiptavinum, tölfræðilegar upplýsingar o.fl.

Þau atriði sem telja má opinber eða á allra vitorði geta eðli málsins samkvæmt ekki fallið undir atvinnuleyndarmál. Hins vegar geta upplýsingar, sem að hluta til eru opinberar og að hluta til óopinberar, sem ein heild hugsanlega talist til atvinnuleyndarmála. Má í því sambandi nefna sem dæmi aðila sem lagt hefur vinnu í að safna ýmsum upplýsingum, túlka þær og nýta síðan í rekstri. Slíkt getur verið atvinnuleyndarmál í skilningi laganna. Á sama hátt geta upplýsingar sem eru óaðgengilegar almenningi talist til atvinnuleyndarmála. Þá er ekki nauðsynlegt að upplýsingar séu nýjar af nálinni eða hlaðnar frumleika til að geta notið verndar 16. gr. c. Einnig er ekki um atvinnuleyndarmál að ræða einungis vegna þeirrar staðreyndar að um mikið magn af upplýsingum er að ræða, t.d. útlistanir á tilteknu framleiðsluferli. Ef ferlið er vel þekkt almenningi er ekki um atvinnuleyndarmál að ræða. Hafa verður þó í huga að safn upplýsinga, þar sem hver þáttur er aðgengilegur eða almenningi kunnugur, getur notið verndar sem atvinnuleyndarmál. Þar ræður úrslitum sú staðreynd að lagt hefur verið í vinnu og hugsun í að taka þessar upplýsingar saman sem eina heild og hafa þær sem slíkar ákveðið gildi.

Að mati Neytendastofu getur viðskiptaáætlun talist til atvinnuleyndarmáls í skilningi ákvæðisins.

Skilyrði þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar ákvæðisins er að gerð hafi verið krafa um leynd eða þá það liggja í hlutarins eðli að ætlast sé til slíkrar leyndar. Fram hefur komið í málinu að Grímur krafðist þess með bréfi, dags. 28. október 2008, að Sigríður færi leynt með þá þekkingu sem hún aflaði sér í samstarfi sínu við Grím. Krafa þessi var lögð fram eftir að samstarfi framangreindra aðila lauk. Var þessari kröfu hafnað með bréfi lögmanns Sigríðar og PrimaCare, dags. 17. nóvember 2008, með vísan til þess að Grímur hafi einungis veitt ábendingar og aðstoð við vinnslu hennar en Sigríður hafi unnið áætlunina að miklu leyti og sé texti áætlunarinnar hennar.





Að mati Neytendastofu er skilyrði þess að vernd 16. gr. c. verði virk því uppfyllt og nýtur viðskiptaáætlun sú er til umfjöllunar í máli þessu verndar sem atvinnuleyndarmál í skilningi ákvæðisins.

#### 4.

Aðilar eru ósammála um hver hafi samið umrædda viðskiptaáætlun. Að mati Sigríðar var viðskiptaáætlunin samin af þeim báðum og reyndar fleiri aðilum að beiðni Grétars Bjarnasonar. Að mati Gríms er viðskiptaáætlunin nær eingöngu byggð á vinnuframlagi hans en hann hafi einungis falið Sigríði að afla upplýsinga um tiltekin atriði sem gætu nýst við gerð endanlegrar viðskiptaáætlunar. Þegar leið á samstarf þeirra hafi Grímur talið það ekki skila þeim árangri sem væntingar hans stóðu til og hafi samstarfi þeirra lokið í febrúar 2008. Neytendastofa telur ljóst að Sigríður bjó yfir umtalsverðri þekkingu á viðfangsefninu áður en til samstarfs hennar og Gríms kom. Kemur það glöggf fram m.a. í umsóknum hennar til Impru Nýsköpunarmiðstöðvar á árunum 2006 og 2007. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands vegna þeirra umsókna um að Sigríður hafi átt fundi sem og samskipti við starfsmenn Impru allt frá hausti 2006 vegna sambærilegrar viðskiptahugmyndar.

Að mati Neytendastofu eru líkur til þess að Sigríður hafi lagt fram þekkingu til umræddrar viðskiptaáætlunar enda sýna gögn málsins fram á slíkt, þ.m.t. tölvupóstsamskipti Gríms og Sigríðar. Virðist því viðskiptaáætlunin vera afurð beggja aðila þó ekki sé lagt mat á það hvert framlag aðila til viðskiptaáætlunarinnar er að öðru leyti. Er það því mat Neytendastofu að báðir aðilar þessa máls hafi hagsmuni að gæta vegna hagnýtingar áætlunarinnar.

#### 5.

Eftir stendur að bera saman viðskiptaáætlun þá er Grímur lagi fram í málinu við þá áætlun sem PrimaCare hefur afhent Neytendastofu til skoðunar og samanburðar.

Að mati Neytendastofu er grunnhugmyndin að baki þessum áætlunum sú sama, þ.e. að stofnsetja einkarekið sjúkrahús sem sérhæfir sig í liðskiptaaðgerðum á hnjám og mjöðmum. Við frekari skoðun á gögnunum kemur berlega í ljós að talsverður munur er á umræddri viðskiptaáætlun og þeim gögnum sem PrimaCare hefur afhent Neytendastofu. Viðskiptaáætlun Gríms byggir alfarið á því að endurbyggja fyrrum sjúkrahús Bandaríkjahers á Miðnesheiði. Áætlanir PrimaCare gera ekki ráð fyrir standsetningu þeirra byggingar. Þá eru áætlanir aðila að öðru leyti ólíkar þó grunnhugmyndin sé sú sama.

Samkvæmt því sem hér að framan greinir hvílir sú skylda á kvartanda að sýna fram á að viðskiptaáætlun sú er hann lagði fram í máli þessu hafi verið hagnýtt af Sigríði og/eða PrimaCare. Við skoðun á fyrirliggjandi gögnum málsins er það mat Neytendastofu að það hafi



ekki verið gert. Neytendastofa getur því ekki fallist á að Sigríður og/eða PrimaCare hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 í máli þessu.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að Sigríður Þorsteinsdóttir og PrimaCare ehf. hafi ekki brotið gegn ákvæðum 5. gr. eða 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 29. apríl 2011

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir